

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Fréttir
- Hjónaballið

Næsti Pési kemur út 14. mars 2011

Skil á efni er 8. mars

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Karлакórinn	8
Fjallaskálar	10
Menningarráð	12
Hjónaball	14
Hrunaspjall	19
Matarsmiðjan	22

Febr 2011

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 246. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Breyting á aldurstakmarki sundgesta:

Börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklingi 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Sú breyting hefur orðið á að aldurstakmark miðast ekki lengur við skólaár heldur við afmælisdag viðkomandi, einnig miðast gjaldskrá sundlaugarinnar við afmælisdag barna. Nánari upplýsingar veitir starfsmaður sundlaugarinnar.





Leikskólaborðnin mættu í Samkaup Strax föstudaginn 4. febrúar, en nú stendur yfir sýning á verkum þeirra í versluninni í tilefni af “Degi leikskóla”. Að þessu sinni er sýningin tileinkuð vináttunni.
Ljósm:SigSigm



Sveitarstjórapistill

Það kom að því að febrúar bjargaði því að við myndum sjá snjó hér til fjalla á ný. Þó hann kunni að valda einhverjum tímabundum vanda þá er það nú eðli hans að hverfa og eins víst að þegar þessi pistill verður lesinn sé hann horfinn. Eins og venjulega reynir á vegagerðina og sveitarfélagið að moka og halda leiðum greiðum og reyna þessir aðilar að gera sitt besta til að þetta sé í sómasamlegu lagi.

Hins vegar verður eflaust aldrei hægt að gera öllum til hæfis en mér sýnist að íbúar á okkar svæði sýni því fólki sem er að vinna í þessum málum mikinn skilning enda allir að reyna að gera sitt besta. Þórrinn hefur samt farið um okkur mjúkum höndum og mér skilst að þorra-blótið sem Kvenfélagið stóð fyrir hafa líka farið vel fram hvort sem menn og konur hafa verið mjúk eða ekki. Það ber að þakka Kvenfélaginu fyrir að standa fyrir slíkri samkomu sem er ekki sjálfgefið að sé haldin. Ekki spillir fyrir þegar fjárhagslegt markmið samkomunnar er að styðja við bakið á þeim sem hafa lent í áföllum.

Næst er það víst hið fræga hjónaball og nú verður ekki undan því komist að fara á hjónaball, í fyrsta skipti á ævinni, merkilegt en satt. Á vettvangi sveitarfélagsins gengur allt sinn hefðbundna gang og nóg af verkefnum sem þarf að sinna. Í þessu sveitarfélagi kemur að því að við þurfum að taka á ákveðnum umhverfismálum og verður ekki beðið með það öllu lengur. Ljóst er að sveitarfélagið þarf að gera áttak í því að koma seyr- og rotþróarmálum í rétt horf eins og nágrannasveitarfélög hafa þurft að gera. Það leiðir til þess að sveitarfélagið verður að taka að sér að sjá um losun á öllum rotþróum í sveitarfélaginu og koma seyrinni fyrir með sómasamlegum hætti. Hins vegar mun þetta hafa í för með sér kostnað en undan verkefninu verður ekki vikist. Það jákvæða við þetta er þó að vonandi finnst góð lausn til að nýta úrgangsefnið með jákvæðum hætti til áburðar en ekki verður lengur hægt að losa rotþrær á gámasvæði sveitarfélagsins.

Varðandi sormál sveitarfélagsins verður að hrósa íbúum fyrir að flokka sorm og t.d. að nýta sér úræði til losna við blöð og fernur á viðeigandi móttökustaði. Hins vegar er þetta líka málaflökkur í endalausri þróun og það endar líka eflaust með því að sveitarfélagið mun þurfa að taka upp frekari flokkun og bjóða upp á lausnir til að draga úr því sormagni sem þarf að flytja um langan veg til eyðingar. Nú líður að því að Matarsmiðjan á Flúðum taki til starfa upp úr næstu mánaðarmótum og hver veit hvað kemur upp úr pottunum þar. Kannski verða það einhverjar vörur úr því sem nú er hent eða illa nýtt og bið ég áhugasamt fólk að fylgjast vel með því sem þar mun fara fram.

Annað tækifæri sem ég vil benda fólki á er að sveitarfélagið auglýsir eftir áhugasömum aðila til að sjá um fjallaskálana á Hrunamannafrétti. Er það verulega gott tækifæri fyrir fólk sem ekki getur lifað án fjallaloftsins og geta vonandi haft eitthvað lifibrauð af.

Einnig vil ég benda fólki og félagasamtökum á að hafa samband við skrifstofu Hrunamannahrepps ef þeir vilja skrá atburði, hverju nafni sem þeir nefnast inn á viðburðadagatal sem verið er að virkja á heimasíðu sveitarfélagsins. Það er kjörinn vettvangur til að auglýsa sig ókeypis því að það eru ótrúlega margir sem kíkja inn á heimasíðuna okkar.

Að lokum vil ég minna foreldra á að um áramótin tóku nýjar reglur gildi um aldurstakmark á sundstöðum, sem auglýstar eru betur hér á öðrum stað í Pésanum. Sveitarfélagið mun fara út í að setja upp myndavélakerfi við sundlaugina auk annarra endurbóta. Vil ég hvetja foreldra til að fara almennt með börnum sínum í sund því það er gott bæði fyrir líkama og sál að hreyfa sig og vera með börnunum sínum í leik. Sundlaugin okkar er því miður ekki eins mikið nýtt og vel ætti að vera en fátt er heilsusamlegra fyrir fólk á öllum aldri en skreppa í sund.

Þjóðbúningakvöld fyrir ALLA í Árnosi

8. apríl 2011 kl. 20:30.

Ágætu sveitungar, aðrir í uppsveitum og á Suðurlandi.

Hugmynd kom fram um hvort ekki væri gaman og allir þeir sem ættu þjóðbúninga klæddu sig upp í þá og kæmu saman þann 8. apríl nk. í Árnosi kl. 20:30, hvaðan sem þeir væru af jarðarkringlunni. (bæði konur og karlar).

Margir búa hér í uppsveitum frá hinum ýmsu löndum og það væri mjög gaman að fá að sjá þjóðbúninga einhverra þjóða og heyra sögu þeirra og öðrum þjóðum gaman að sjá og heyra af okkar búningi.

Aðrir eru hjartanlega velkomnir, það er líka gaman að horfa á fallega þjóðbúninga og njóta góðra veitinga og skemmtiefnis þó ekki sé maður klæddur í þjóðbúning. **J**

Stefnum að því að gestir fái að smakka á spennandi réttum frá öðrum löndum. Þá datt okkur í hug að hafa eitthvað til skemmtunar t.d væri gaman að horfa á þjóðdansa, og dansa, frá einhverjum löndum og hlusta á falleg þjóðlög, og svo bara spjalla saman og dansa „gömlu dansana“ **C** okkur til skemmtunar. Minnum á þetta núna ef einhvern langar kannski til að laga búninginn sinn, sauma sér nýjan, eða fá hann sendan frá heimalandinu fyrir tækifærið þá er smá tími til þess.

Köllum fram vorið þann **8. apríl** með öllum þeim fallegu litum þjóðbúninganna sem þeir bjóða upp á.

Þetta verður án efa skemmtilegt kvöld og verður fyrir **alla** sem vilja gleðjast og hugsa til ættjarðarinnar!

Hafið samband ef einhver hefur góða hugmynd sem mætti framkvæma í sambandi við þetta. Betur auglýst síðar. Með kærri kveðju.

Skemmtinefnd Kvenfélags Gnúpverja.

hraunteigur@hraunteigur.is

Sigrún í Haga og Kidda í Hraunteigi.



HRAUNTEIGUR EHF
FLÍSALAGNIR

Birgir Örn Birgisson, múrarmeistari gsm: 891-7760
Netfang: hraunteigur@hraunteigur.is
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Tökum að okkur alhliða múrverk, véslípun og flísalagnir.
Tilboð og/eða tímavinna, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi



Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Suðurland já takk

Til fyrirtækja og stofanna og Suðurlandi.

Dagana 18. – 21. mars standa Markaðsstofa Suðurlands, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Menningarsamningur Suðurlands fyrir landshlutasýningu í Ráðhúsinu Reykjavík með yfirskriftinni „Suðurland já takk“.

Markmið sýningarinnar er fyrst og fremst að kynna framleiðslu og þjónustu á Suðurlandi.

Sýningin á að höfða til fagaðila og neytenda sem kaupa og nýta sér framleiðslu- og þjónustu af svæðinu.

Fyrirtæki og stofnanir hvött til að taka þátt í sýningunni og eiga þannig þátt í að gera landshlutann sem sýnilegastan.

Þátttökukostnaður er 18.000 pr. fyrirtæki og verður sýningarsvæðið skipulagt með þátttökuaðilum.

Þau fyrirtæki sem hafa áhuga á þátttöku vinsamlega hafið samband eitthver eftirtalinna;

Davíð Samúelsson, davidsam@south.is 4835555 og Steingerður Hreinsdóttir, stein-gerdur@sudur.is 4804212

Velkomin í verslun okkar á Flúðum

Verð og úrval sem kemur á óvart

Afhliða byggingavöruverzlun með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla.

Opið virka daga kl. 9 - 18 • Laugardaga kl. 10 - 14

Bilavörur

- Smurufur
- Frostlögur
- Hreiniættisvörur
- Perur
- Övaggi og þarrkublið



Þjónavörur

- Lópl, marglr lltr
- Þjónar, ymsar stærðir
- Þeysur, marglr lltr
- Húfur
- Vettlingar



Fyrir hestamanninn • Beisli • Múlar • Skeifur • Burstar • Klóru

Ahöld og tæki

- Ryksugur
- Jarðvegsþjöppur
- Flísa- og steinsagur
- Rafstöðvar
- Gott úrval áhalda f. fagmenn



Málningardeild

- Inni- og útmálning
- Lökk
- Spertl
- Viðarvörn
- Málningaráhöld



Gólfefnadeild

- Flísar
- Náttúrusteinn
- Parket / Plastparket
- Flísa- og parketlim
- Undirlag



Múrdeild

- Utan- og utanhúse
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa og teinalim
- Undirlag



Hreiniættistækideild

- Hreiniættistæki
- Blöndunartæki
- Sturtuklefar
- Innréttingar
- Handlaugar



Festingavörur

- Skráfur og boltar
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa & teinalim
- Undirlag



Heimilisvörur

- Straujárn
- Matvinnsluvélur
- Glæs og bollar
- Handdryksugur
- Hrærivelar



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Smíðjustíg 6a • 845 Flúðum
Sími 496 1866 • vondull@simnet.is

Frá Félagi eldri Hrunamanna.
Aðalfundur félagsins verður haldinn 9. mars, í Félagsheimili Hrunamanna
strax á eftir opnu húsi. Venjuleg aðalfundarstörf.
Nýir félagar ávallt velkomnir.
Stjórnin

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði
(næst 8. mars. 2011)

Uppsveitakortið

Nú stendur yfir árleg leiðrétting og endurútgáfa á Uppsveitakortinu
Ef þið hafið athugasemdir, viðbætur eða leiðréttingar á kort eða þjónustulista
vinsamlegast hafið samband sem fyrst.
Ferðamálafulltrúi sími 486 8810 og 898 1957 asborg@ismennt.is

Hvolpar fást gefins að Ásastíg 8a hjá Önnu Fíu
Símar: 486 6694 og 869 5076



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Frá Karlakór Hreppamanna

Starfsamt ár er að baki og ber þar hæst Kötlumótið í haust.

Undirbúningsnefnd Kötlumótsins hefur nú skilað uppgjöri til stjórnar Karlakórsins. Nokkur hagnaður varð af mótshaldinu svo dálitlir fjármunir fengust upp í mikla sjálfboðavinnu kórfélaga.

Auk kórfélaga voru margir fleiri sem komu að mótshaldinu og viljum við karlakórsfélagar hér og nú þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við að gera Kötlumótið jafn glæsilegt og raun bar vitni um.

Sérstaklega viljum við þakka eigendum Límtré/Vírnets fyrir afnot af Límtréshöllinni og starfsmönnum þar fyrir frábæra aðstoð.

Eftir mótið bárust Karlakórnum margar jákvæðar kveðjur og heillaóskir með Kötlumótið frá þáttökukórunum. Hægt er að fletta upp á heimsíðu Karlakórsins og sjá þar myndir og fleira frá mótinu.


(www.kkhreppamanna.com)

Læt hér fljóta með bréf frá formanni Nordisk Sangerforbund.

Ég vil f.h. Undirbúningsnefndar Kötlumótsins þakka öllum þeim sem komu að undirbúningi mótsins fyrir frábært starf svo að úr varð glæsilegasta Kötlumót sem haldið hefur verið til þessa

Magnús H. Sigurðsson





Hr. Magnús H. Sigurðsson
form. Undirbúningnefndar Kötlumóts
Birtingaholti
845 Flúðir

Vilnius, 22. Október 2010.

Kæri Magnús,

Fyrir hönd stjórnar Nordisk Sangerforbund vil ég fá að þakka þann viðgjörning sem mér var sýndur á glæsilegu Kötlumóti á Flúðum.

Sá kraftur sem bjó í undirbúningsvinnu fyrir mótið og ég varð vitni að, endurspegladist í hnökralausum degi þar sem mátti sjá ánægju og gleði skína úr hverju andliti þeirra söngmanna sem sóttu mótið.

Hvar sem til var lítið, mátti sjá hversu mikil vinna var lögð fram af hálfu ykkar í Karlakór Hreppamanna til þess að gera þetta stærsta Kötlumót í sögu sambandsins óaðfínanlegt. Og það tókst.

Mínar bestu kveðjur til eiginkonu þinnar, svo stórt framlag er ekki hægt að leggja fram nema með góðum stuðningi.

Með söngkveðju,

Eyþór Eðvarðsson
formaður stjórnar NSF.



FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farpega bíll



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Lögglitur rafverktaki

Fossi


Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is



Umsjón fjallaskála á Hrunamannafrétti

Auglýst er eftir áhugasömum aðila til að taka að sér umsjón og rekstur fjallaskálanna á Hrunamannafrétti. Í því felst að sjá um útleigu húsanna, markaðssetningu, viðhald og rekstur auk heysölu og fær viðkomandi þær tekjur, sem inn koma. Útleigutími húsanna er frá 1. júní til 1. september. Umsóknarfrestur er til 1 mars nk og skal umsóknum skilað á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Allar nánari upplýsingar er að fá hjá sveitarstjóra í síma 480-6600, jon@fludir.is



Söngskemmtun á Flúðum

**laugardagskvöldið 19. febrúar kl,
20:30**

í Félagsheimili Hrunamanna

**Fram koma:
Vörðukórinn
Söngsveit Hveragerðis
Karlakór Hreppamanna**

**Aðgangseyrir 2000 krónur
Sunnlenskt
konfekt fyrir eyru og augu J**

Karlakór Hreppamanna



**Karlakór
Hreppamanna**

**Dagskrá Hrossaræktarfélags Hrunamanna á vor-
mánuðum.**

Tryppa / Folaldasýning verður haldin í Reiðhöllinni á Flúðum 11.mars kl: 20:00

Rútuferðin verður farinn 25.mars kl: 17:00. Farið verður frá planinu við Grund

Ræktunarsýning verður 16.apríl kl: 17:00

Allir viðburðir verða auglýstir nánar þegar nær dregur.

Upplýsingar gefa stjórnarmenn

Grímur sími: 896 6683 / 486 6683

Berglind 848 5811 / 5881123

Magnús 6905969

Meningarráð Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um styrki en skilyrði er að umsækjendur sýni fram á mótframlag. Heimilt er að sækja um styrk til verkefna sem umsækjandi er þegar byrjaður að vinna í.

Meningarráð Suðurlands hefur ákveðið að árið 2011 hafi þau verkefni forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.

Verkefni sem efla nýsköpun tengd menningu.

Verkefni sem stuðla beint að fjölgun atvinnutækifæra.

Verkefni sem styðja við menningartengda ferðaþjónustu.

Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf.

Meningarráðið mun hvorki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- né endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminjum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2011.

Ætlunin er að tilkynna um úthlutun í apríl 2011. Fyrirvari er gerður um undirritun nýs menningarsamnings við ríkið fyrir þann tíma.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Suðurlands á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Menningarráðs www.sunnanmenning.is. Allar nánari upplýsingar veitir Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, í síma 480-8207, 896-7511 eða með tölvupósti menning@sudurland.is.

Menningarfulltrúi verður til viðtals í öllum sveitarfélögum.

Umsóknir skal senda, í tölvupósti á menning@sudurland.is eða í ábyrgðarpósti, til Menningarráðs Suðurlands, Austurvegi 56, 800 Selfoss.



Viðtalstími Menningarfulltrúa í Hrunamannahreppi er:

**Þriðjudagur 15. mars, kl. 09:30-11:30,
á Skrifstofu Hrunamannahrepps.**

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



Vörumóttaka Héðingsgata
1-3

VÖNDULL ehf
FLUTNINGADJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533
2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-

fossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrir-
tækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímamantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Óskilaflík!!

Barnaúlpa með hettu, dökk að lit með brúnu fóðri, fannst við gerðið á
Tungufellsdal um réttarleitið sl. haust.

Upplýsingar fást hjá Jóhönnu á Hrafnkelsstöðum

Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Á gegnir.is (Mínar síður) geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, hvenær skiladagur er og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>



Tek að mér gerð:

Jarðafarakransa

Krossa

Kistuskeytinga

**Handskrifaðir borðar með
krönsum og krossum sé þess
óskað.**

**Allt skreytingarefni úr sveitinni
Sýnishorn eru á Facebook
síðunni
Grænna land ehf**



*Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Flúðum
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is*



Hjónaball 2011

Laugardaginn 26. febrúar kl. 20:30

Hjónaballið verður nú haldið í sextugasta og áttunda sinn í Félagsheimili Hrunamanna.

*Skemmtunin hefst stundvíslega kl. 20:30 með borðhaldi.
Húsið opnar kl. 19:30.*

Hljómsveitin Party leikur fyrir dansi fram á rauða nótt.

Ballið er pokaball, ekki verða seldir áfengir drykkir.

Miðaverð kr. 6.900,-

*Fólk er beðið að sameina sig um 8, 10 eða 12 manna borð.
Látið nöfn borðfélaga fylgja þegar pantað er.
Pantanir berist í síðasta lagi laugardaginn 19. febrúar.*

*Miðar verða seldir í Félagsheimilinu
mánudaginn 21. febrúar kl. 15-18 og 20-22.*

<i>Anna María og Hörður</i>	<i>486 6611 / 847 0678</i>
<i>Alína og Magnús Helgi</i>	<i>486 6415 / 690 5969</i>
<i>Azeb og Árni Magnús</i>	<i>846 9798</i>
<i>Berglind og Ragnar</i>	<i>588 1123 / 848 5811</i>
<i>Fjóla og Sigurður Haukur</i>	<i>486 6782 / 894 3059</i>
<i>Guðný og Magnús</i>	<i>486 6546 / 847 2417</i>
<i>Gyða Björk og Bjarni Valur</i>	<i>486 6527 / 894 6537</i>
<i>Þórunn og Samúel</i>	<i>486 6558 / 860 1329</i>



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

SUMARVINNA

**Óskum eftir starfsfólki í sumarvinnu við
almenn afgreiðslustörf.**

Helst ekki yngri en 17 ára.

**Æskilegt að umsækjandi sé
reyklaus og reglusamur.**

Upplýsingar í síma 486 6633,

agnes@samkaupstrax.is

og á staðnum.

FUNDARBOÐ

Hinn árlegi deildafundur SS 2011 fyrir Skeiða, Gnúpverja og Hrunamanna-
deildir, verður haldinn miðvikudaginn 23. febrúar nk.

í Félagsheimilinu á Flúðum kl. 21:00.

Á fundinn koma, auk Steinþórs forstjóra, Hallfreður Vilhjálmsson stjórnarfor-
maður SS, Einar Hjálmarsson stöðvarstjóri SS á Selfossi og Bergur Pálsson
sölumaður Yara áburðar og fódurs. Kosnir verða fulltrúar á aðalfund SS, sem
haldinn verður föstudaginn 25. mars nk. Vonum að sem flestir sjái sér fært að
sækja þennan fund, þar sem margt fróðlegt mun bera á góma.

Kaffiveitingar í boði félagsins.

Með kærri kveðju

Deildarstjórar



Josera.

I kjölfar samninga okkar við einn stærsta vítamin og steinefnaframleiðanda Þýskalands **Josera** langar okkur að kynna fyrir þér þá vörulínu sem við höfum uppá að bjóða frá þeim.

Vönduð vara á mjög samkeppnishæfu verði

Saltsteinar

Josera.

Steinefnafötur



Saltsteinn Natur
Saltsteinn

Verð m/vsk.
kr. 889,-

10 kg.



Saltsteinn Plus

Saltsteinn með viðbættu magnesíum, seleni og jödi

Verð m/vsk.
kr. 1.122,-

10 kg.



Steinefnablokk Uniblock

Steikiblokk með kalsíum, magnesíum, jödi, seleni og vítamínunum

Verð m/vsk.
kr. 1.993,-

10 kg.

Steinefnafata Mineraleimer



Ahlíða steinefnafata fyrir kýr og hross
Ekki fyrir sauðfé

Verð m/vsk.
kr. 4.838,-

25 kg.

Steinefnafata Phosphoreimer



Steinefnafata með háu fosfór og seleninnihaldi
Fyrir nautgripi, sérstaklega fyrir geldkúr.
Ekki fyrir sauðfé

Verð m/vsk.
kr. 5.643,-

20 kg.

Steinefnafata Universal-schale



Ahlíða steinefnafata fyrir sauðfé.

Verð m/vsk.
kr. 3.164,-

15 kg.

Bætiefni fyrir kýr

Josera.



Complett - Keragen

Complett - Keragen er viðbótar steinefna- og vítamínfóður sem inniheldur meira en kjarnfóður af A og D3 vítamínunum ásamt ýmsum snefilefnum.

Complett - Keragen hefur góð áhrif á jógurheilbrigði og klaufir. Ráðlagður dagskammtur 80-100 gr. á dag. Hentar vel í heilfóður sem og fyrir einstaklingsfóðrun.

Verð m/vsk.
kr. 6.000,-

25 kg.



Prophos - Keragen

Prophos - Keragen er fóður sem er æskilegt að gefa kúm tveimur til þremur vikum fyrir burð. Prophos - Keragen dregur úr hættu á kalkskorti og hátt innihald af magnesíum Mg. og D3 vítamíni kemur í veg fyrir kalsíum skort í upphafi mjaltaskeiðs.

Ráðlagður dagskammtur 80 - 100 gr. á dag.

Verð m/vsk.
kr. 6.800,-

25 kg.

Undirburður

Josera.

Kálfaduft - skitumeðal



Desan - undirburður

Desan er náttúrulegur undirburður.

- Vinnur gegn óæskilegum bakteríum, sveppum og gertamyndun.
- Til notkunar í bása, hálmbeð og steinbita.
- Þurrkar meðhöndluð svæði.
- Hefur góð náttúruleg áhrif vegna innhalds á náttúrulegum syrum og ollum.
- Minnkar gasmyndun og dregur úr ammoníak lykt.
- Gefur góða lykt í gripahúsið.
- Æskileg notkun 50 - 100 gr. á m²
- Tilvalið til notkunar með sagi.

Verð m/vsk.
kr. 6.160,-

25 kg.



Supramil T - kálfaduft

Supramil T kálfaduft hefur góðan meltanleika og inniheldur syður sem vernda gegn skitu og mettingartruflunum

Vítakur - skituduft fyrir kálfa

Vítakur er náttúrulegt skituduft fyrir kálfa. Hentar bæði sem fyrirbyggjandi sem og fyrir kálfa sem fengið hafa skitu. Til blöndunar bæði í mjólk og eða vatn allt eftir ástandi kálfsins.



Verð m/vsk.
kr. 8.638,-

Verð m/vsk.
kr. 7.889,-

25 kg.

5 kg.

Hikið ekki við að hafa samband við sölumann með frekari upplýsingar

480 560
landstolpi.is



Gunnbjarnarholi
801 Selfoss

Er bíllinn skítugur??

Langar þig að verja bílinn fyrir salti og tjöru?

Þá er ég með lausnina, tek að mér að þrifa og bóna bíla nota aðeins hágæða bónvörur frá concept sem er einn fremsti aðili í bónvörum í heiminum. Bónið sem ég nota heitir infinity það fer ofan í sprungur og veitir hágæða endingu og glans!

Get sótt bíla ef um það er beðið.

<u>Verðskrá</u>	<u>fólksbíl</u>	<u>Jeppi</u>	<u>Stórir bílar</u>
Tjörubvottur og Þrif að innan	5000 kr	6000 kr	7000 kr
Tjörubvottur Og infinity bón	5500 kr	6500 kr	7500 kr
Alþrif Infinity bón	7000 kr	8000 kr	9000 kr



Pantanir í síma :6977021

Björgvin

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.

Ólafsvalla-,Hrepphóla-,Hruna- og Stóra-Núps sóknunum.

Áfram siglir tíminn í sínum fasta takti. Nokkuð liðið á nýtt ár og núna loksins ofurlítið veðurfar sem minnir á vetur. Kirkjustarfið að mestu í föstum skorðum. Reglubundnar æfingar hjá kirkjukörum. Góðlátlegt grín gert að prestum á mannfögnuðum, í mínum huga jákvæður vottur þess að kirkjan og það sem hún stendur fyrir er þrátt fyrir allt hluti af samfélagsmyndinni. Samt verð ég að segja að nú í vetur finnst mér sem messusókn hafi verið með daprara móti, vera má að neikvæð umræða um málefni kirkju og kristni hafi þar eitthvað að segja.

Því miður finnst mér óþarflega algengt að menn tali um messuferðir sem eins konar samfélagsskyldu, jafnvel kvöð. Vissulega er þar margt í föstum skorðum og kannski fátt sem kemur á óvart. Sem sambærilegt dæmi má til dæmis benda á að við horfum flest á sennilega nokkra tugi Hollywood mynda á hverju ári sem flestar hverjar eru nánast frá upphafi fyrirsjáanlegar í atburðarás og með sinn ófrávíkjanlega happy ending í lokin. En oft skemmtum við okkur samt alveg ágætlega.

Messan með sínum sálmasöng og tónlist, með lestrum og bænum og hugvekjum má vel teljast hafa það hlutverk að vera eins konar sjálfstyrking. Að minna á það góða sem stefna ber að en samt enn frekar að vekja með einstaklingnum traust og styrk og kjark til að takast á við líf sitt með hjálp trúarinnar. Vekja með honum þá vitund að hann er aldrei einn á ferð. Veita um leið leiðsögn að innihaldsríku lífi. Hugmyndin er sú að senda hvern þann sem gengur inn til guðsþjónustu, sterkari til baka.

Helgihaldið framundan

Barnastarfið er nú byrjað aftur í Hrepphólakirkju fyrir allt prestakallið. Verður á **laugardögum kl.11** nú í febrúar og mars.

Messa í Skálholti á konudaginn 20.febrúar kl.14

Í fyrra kom sú hugmynd upp hjá **Uppsveitasysturum** hinum stórskemmtilega kvennakór sem skipaður er að miklu leyti félagskonum af því svæði sem fellur undir Hrunaprestakall, að setja sig í hlutverk kirkjukórs og syngja eina messu. Niðurstaðan varð samt sú að fara út fyrir svæðið og fá að syngja messu fyrir prestakallið í dómkirkjunni í Skálholti. Þetta varð einstaklega vel heppnuð og vel sótt stund. Og því er það að nú langar okkur til að endurtaka þennan leik með góðfúslegu leyfi sóknarprestsins í Skálholti og þetta verður því messan fyrir Hrunaprestakall þennan sunnudag.

6. mars æskulýðsdagurinn. Þá verður fjörug fjölskyldumessa í **Hrunakirkju kl. 11**

Og svo **kl.14 sama dag messa í Ólafsvallakirkju.**

Eins og glöggir hafa kannski séð þá er eftir föngum reynt að sigla með helgihaldið framhjá helstu samkomum sveitanna þorablótum og hjónaböllum.

Ekki fleira að sinni.

Í guðs friði, Eiríkur Jóhannsson.

Frá félagsmiðstöðinni:

Ungmennaskipti (16-20 ára)

Umsóknarfrestur: 1. mars

Kynningarfundur: föstudagurinn 18. febrúar, kl. 16:00 í félagsmiðstöðinni.

23. mars-1. apríl fara fram ungmennaskipti í umsjón Zero þar sem 10-12 manna hópar ungmenna frá Eistland, Englandi og Íslandi munu kynna sér og ræða nýsköpun og frumkvæðisverkefni. Grunnvallarspurningin sem unnið er útfra er, “Hvernig samfélag vil ég taka þátt í að skapa í heimabyggð svo ég geti og vilji búa þar í framtíðinni?”.

Þátttakendur sem taka fullan þátt í verkefninu hér heima fá styrk fyrir fæði, upphaldi og 70% af ferðakostnaði í ungmennaskiptum í Eistlandi (2011) og Englandi (2012) þar sem haldið verður áfram að vinna með sama þema auk þess að kafað verður ofan í mikilvægi sjálfbodastarfs þegar hópurinn hittist í Englandi.

Við leitum nú að 12 þátttakendum á aldrinum 16-20 ára (fæddir á árunum 1991-1995) til að taka þátt í þessu spennandi og þroskandi verkefni. Þátttakendur munu efla enskukunnáttu sína og læra að vinna í alþjóðlegu umhverfi. Milli þess sem unnið er með aðalþema verkefnisins verður einnig farið í veffangs- og skemmtiferðir, haldnar kvöldvökur og fleira hressandi.

Þátttakendur bera engan kostnað af verkefninu núna í mars og aðeins 30% ferðakostnaðar vegna næstu tveggja.

Láttu þetta tækifæri ekki fram hjá þér fara, kíktu á kynningarfund 18. febrúar og smelltu inn umsókn fyrir 1. mars. Umsóknareyðublað má nálgast á zero.fludir.is og hjá forstöðumanni.

Hafið samband fyrir nánari upplýsingar!

Kaffihúsakvöld

fjáröflun vegna Samfésferðar

Við ætlum að standa fyrir kaffihúsakvöldum í lok mánaðarins þar sem boðið verður uppá skemmtiatriði og léttar veitingar. Tilefnið er að við stefnum á að taka þátt í Samfeshátíðinni sem fer fram í Laugardalshöllinni fyrstu helgina í mars.

Samfeshátíðin saman stendur af úrslitum söngkeppni Samfés og tónleikum þar sem unglíngahljómsveitir úr félagsmiðstöðvunum spila ásamt nokkrum af þekktustu flytjendum landsins. Samfeshátíðin er nokkurskonar árshátíð félagsmiðstöðvanna þar sem unglíngar skemmta hvert öðru og félagsmiðstöðvarnar sína afrakstur af tónlistar- og dansstarfi sínu.


Eins og áður segir ætlum við að standa fyrir tveimur kaffihúsakvöldum og vonum að fólk fjölmenni, skemmti sér með okkur og veiti okkur stuðning í leiðinni.

Bæði kvöldin byrja kl. 20:00 og mun sama dagskráin rúlla þangað til kl. 22:00.

Mánudagskvöldið 21. febrúar – Félagsheimilinu Brautarholti

Mánudagskvöldið 28. febrúar – Félagsheimili Hrunamanna

ZERO ráðið.



Badminton

Badmintonæfingar eru núna í fullum gangi og hefur fjölgað verulega í litlu deildinni okkar **J**. Fyrir þá sem hafa áhuga á að slást í hópinn eru æfingar á miðvikudögum klukkan 18:00-19:00 fyrir börn og unglínga. Þjálfari er Atli Þór Reynisson s: 869-7573. Frjáls tími fyrir fullorðna er á mánudögum frá kl 21:15-22:00. Þar spilar hver og einn á sínum forsendum **J**. Við hvetjum unga sem aldna til að mæta á æfingar hjá okkur í vetur. Umsjón með fullorðinstímunum hefur Samúel Eyjólfsson s:864-1758. Æfingagjöld á vorönn eru 3500kr.

Stjórn badmintondeildar UMFH

Matvælasmiðjan á Flúðum. Opnar í mars.

Síðustu mánuði hefur verið unnið að standsetningu aðstöðu og öflun og uppsetningu tækjabúnaðar í húsnæði Matarsmiðjunnar á Flúðum. Þá er verið að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsemin mun svo hefjast í mars. Hugmyndin með Matvælasmiðjunni er að aðstoða fólk með hugmyndir að matvælaframleiðslu með faglegri aðstoð og aðstöðu. Jafnframt lærir það um grundvalaratriði öryggis matvæla þ.m.t. að setja upp innra eftirlit og sækja um framleiðsluleyfi fyrir sína vöru til leyfisveitenda. Með þessu móti er hægt að prófa hugmyndir að framleiðslu og markaðssetja vöru án þess að leggja út í mikinn kostnað. Smiðjan er ætluð fyrir vinnslu og framleiðslu á alls konar matvælum auk fræðslu fyrir smáframleiðendur matvæla. Þar verður aðstaða og búnaður:

til þurrkunar á matvælum
til framleiðslu á nasli
til niðurlagningar og niðursuðu (sultugerð, súrsun matvæla o.fl)
blautaðstaða til meðhöndlunar á hráefni (kjöti, grænmeti o.fl)
lítið tilraunaeldhús (Soðnar vörur)
kælir og frystir
til þökkunar
til fræðslu og námskeiðshalds

Samband verður haft við þá aðila sem þegar hafa sýnt áhuga á að vinna að hugmyndum sínum í Matarsmiðjunni á Flúðum til að ræða og skipuleggja verkefni. Allir sem áhuga hafa á að kynna og nýta sér ráðgjöfina og aðstöðuna á Flúðum eru hvattir til að hafa samband við starfsmann Matarsmiðjunnar Vilberg Tryggvason í síma 8585133 eða senda honum tölvupóst á netfangið vilberg.tryggvason@matis.is

Matarsmiðjan á Flúðum er í samstarfi sveitafélaganna í uppsveitum Árnessýslu, Matís ohf, Háskólafélags Suðurlands og Atvinnu-þróunarfélags Suðurlands.

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

Porrablót 2011

Laugardaginn 29. janúar síðastliðinn hélt félagið þorrablót undir styrkri stjórn systranna Ástu Guðnýjar og Hönnu Siggu frá Efra-Seli og Möggu og Rúnu frá Sunnuhlíð. Skemmt er frá því að segja að blótið tókst afar vel og tókst okkur með góðum og dyggum stuðningi blótsgesta að gera skemmtunina að góðri fjáröflun. Við höfum fært Péttri Kristjáni Guðmundssyni upphæð að kr. 370.000 en það er allur ágóði af skemmtuninni. **Þökkum við kærlega fyrir frábæran stuðning og góðan hug í þessu máli.** Einnig færur við systrapörunum bestu þakki fyrir ómetanlegt framlag þeirra til þessarar fjáröflunar. Án jákvæðni og ósérhlífni kvenfélagskvenna sem þeirra væri ekki hægt að halda úti slíkri skemmtan. Þakki enn og aftur.

Námskeið

Fyrirhuguð eru nokkur námskeið á vegum félagsins á næstunni. Berglind Loftsdóttir ætlar að kenna okkur að skreyta tertur og brauðtertur. Það námskeið verður að öllum líkindum í lok mars. Saumastofan **Prem** heldur saumánámskeið helgina 5.-6. mars. Einnig er í athugun að halda heklunámskeið þar sem kennt verður að hekla eftir uppskriftum. Athugið að þessi námskeið eru opin fyrir alla, konur og kalla en verða einungis haldin ef næg þátttaka fæst. Drífum okkur á námskeið **J**. **Námskeiðin verða nánar auglýst með dreifi-bréfum.**

Konukvöld

Ekki ætlar okkur að takast að halda konukvöld á þessu misseri þar sem félagslíf samfélagsins í Uppsveitum öllum er þvílíkt að ekki finnst dagur þar sem ekkert er um að vera. Því neyðumst við enn og aftur til að fresta þessu konukvöldi okkar en nefndin sem hefur undirbúið kvöldið ætlar ekki að láta deigan síga og stefnir ótrauð á að halda konukvöld og er stefnt að því að halda það næsta haust og þá jafnvel í kringum kvennafrídaginn. Það skal takast! **J**

Viljið þið losna við tölvu? **J**

Er ekki einhver sem hefur verið að taka til á skrifborðinu sínu og langar að losna við eins og eitt stykki gamla tölvu sem gæti gagnast okkur í stjórn Kvenfélagsins? Okkur vantar tölvu sem þarf ekki að geta gert annað en að vinna í ritvinnslu. Ekki væri reyndar verra ef hún ynni ekki mjög hægt og myndi ekki kosta mikið og jafnvel ekki neitt **J**. Endilega látið okkur stjórnarkonur vita ef hjá ykkur liggur tölvu sem ykkur vantar að losna við.

Að lokum viljum við enn og aftur þakka fyrir jákvæðan stuðning og hlýjan hug.

Kvenfélag Hrunamannahrepps.



Þeim Magnúsi Grímssyni og Einari Harðarsyni er margt til lista lagt. Á myndinni eru þeir félagar að fagna smíði forláta andakofa, sem hýsir endurnar þeirra 6. Ljós:SigSigm



Þær Anna, Anna María og Ragna, pakka gulrótum hjá Ragnhildi íklæddar flottum lopa-
nevsum Ljós:SigSiem